



90. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 21. júlí, 2004, kl. 12:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Erindi frá íbúum að Aðalgötu 11, Blönduósi.
3. Erindi frá Brúnkollu ehf. og Stíganda ehf.
4. Frá sveitarfélaginu Skagafirði vegna Heilbrigðiseftirlits NV.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

Mættur er G. Ágúst Pétursson, viðskiptaráðgjafi til að greina nánar frá áætlunum er varða stofnun fyrirtækis sem veiti ráðgjöf og bjóði námskeið fyrir matvælafyrirtæki á Blönduósi og í nágrenni. Lagði hann fram viðskiptaáætlun sem áætlað er að fari í kynningu í fyrirtækjum á næstunni.

2. Erindi frá íbúum að Aðalgötu 11, Blönduósi.

Í erindi íbúa Aðalgötu 11 er talið að skemmdir hússins tengist framkvæmdum í götunni á vegum Blönduóssbæjar við holræsi fyrir nokkrum árum. Erindinu fylgir ástandsskoðun frá Óstækni ehf. Bæjarráð vísar erindinu til nánari umfjöllunar til byggingafulltrúa og skipulags- og byggingarnefndar.

3. Erindi frá Brúnkollu ehf. og Stíganda ehf.

Fyrir hönd Brúnkollu ehf. og Stíganda ehf. vilja forsvarsmenn fyrirtækjanna kanna hvort áhugi sé fyrir hendi hjá bæjarstjórn Blönduóssbæjar að selja grunnskóla- og íþróttamannvirki sveitarfélagsins á grundvelli þess að gerður yrði langtímaleigusamningur. Ákveðið að boða til fundar með bréfiturum í ágúst nk.

4. Frá sveitarfélaginu Skagafirði vegna Heilbrigðiseftirlits NV.

Fram lagt yfirlit frá fjármálastjóra sveitarfélagsins Skagaafjarðar yfir rekstrarniðurstöðu ársreikninga Heilbrigðiseftirlits NV fyrir árin 2000-2002. Samkvæmt yfirlitinu var halli á rekstrinum árið 2000 kr. 1.404.326, árið 2001 kr. 932.637 og árið 2002 kr. 779.201. Í erindinu er þess farið á leit við hlutaðeigandi sveitarfélög að þau greiði uppsafnaðan rekstrarhalla þessara ára. Skv. íbúafjölda sveitarfélaga hljóðar framlag Blönduóssbæjar vegna rekstrarhallans uppá kr. 327.127,- fyrir öll árin.



5. Önnur mál.

- a. **Lyftuhús Hnjúkabyggð 33.** Fram lögð fundargerð verkfundar um lyftuhúsið. Eyjólfur Þór Þórarinsson frá Stoð ehf. verkfræðistofu mætti fyrir hönd Blönduóssbæjar í forföllum byggingarfulltrúa. Fundurinn var haldinn á byggingarstað, föstudaginn 16. júlí sl. Skv. lið 2 óskar verktaki eftir að áætluð verklok verði 19. nóvember nk. Áður hefur verið veittur frestur á fundi bæjarstjórnar hinn 16. mars sl. sem þá miðaði við lok september. Bæjarráð samþykkir að verklok verði 19. nóvember nk að höfðu samráði við fasteignir ríkisins.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 13:20.**

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)